

Undirritaðir aðilar, Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur og Tónlistarfélag Árbæjar (hér eftir nefnt Tónlistarfélagið) kt. 660618-0150 gera með sér eftirfarandi:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Tónlistarfélagið 1. janúar 2022 til 31. desember 2024.

1. gr. Hlutverk og markmið Tónlistarfélagsins

Hlutverk Tónlistarfélagsins er að efla tónlistarlíf hjá ungu fólki.

Meginmarkmið Tónlistarfélagsins er að vekja áhuga, hvetja og efla ungt fólk til iðkunar tónlistar, sjálfum sér og öðrum til ánægju og aukins þroska og auðga um leið menningarlíf hverfisins.

Í því skyni mun Tónlistarfélagið leggja áherslu á eftirfarandi meginatriði:

1. Að standa fyrir og styðja við tónlistarviðburði sem snúa að ungu fólki.
2. Að byggja upp aðstöðu þar sem ungt fólk getur skapað, iðkað og tekið upp tónlist.
3. Að styðja, leiðbeina og hvetja ungt fólk til tónlistariðkunar.

Með þessi markmið að leiðarljósi, mun Tónlistarfélagið taka virkan þátt í að byggja upp samfélag einstaklinga sem hafa áhuga á tónlist og tónlistariðkun. Áhugi á tónlist þarf ekki bara að einskorðast við hljóðfæraleikara, heldur getur einnig verið um að ræða tæknimenn, upptökustjóra, útsetjara, lagahöfunda, umboðsmennsku, kynningarfulltrúa, viðburðarstjóra, rötara og alla sem áhuga hafa á tónlist og vilja taka þátt.

2. gr. skyldur Tónlistarfélagsins

Tónlistarfélagið skal kynna sér styrkjareglur Reykjavíkurborgar, mannréttinda- og jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim. Tónlistarfélagið skal jafnframt veita upplýsingar um þátttöku í starfi eftir kyni sé þess óskað. Tónlistarfélagið skal ávalt láta þess getið í öllu kynningarefni á vegum félagsins að félagið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal auðkennt með merki Reykjavíkurborgar.

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Tónlistarfélaginu árlega til í beinum fjárframlögum kr. 10.000.000.-

Greiðslur vegna 2022, 2023 og 2024 greiðast 15. janúar og 15. júní ár hvert. Greiðslurnar skulu greiddar inn á reikning Tónlistarfélags Árbæjar nr.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna áranna 2022, 2023 og 2024 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar hverju sinni. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til verkefnisins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breyttri fjárveitingu.

Tónlistarfélaginu er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

Styrkurinn er vegna leigu á húsnæði fyrir Tónlistarfélagið fyrir ungt fólk, þar sem það getur komið og iðkað og tekið upp sína eigin tónlist undir handleiðslu leiðbeinenda og tónlistarmanna.

Tónlistarfélagið mun þjóna austurhverfum borgarinnar, Árbæjarhverfi, Breiðholti, Grafarvogi og Grafarholtshverfi.

4. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa ÍTR er tengiliður samningsins við Tónlistarfélagið. Samráðsfundir skulu haldnir einu sinni á ári á samningstímanum, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögu félagasamtakanna að verkefnaáætlun fyrir komandi starfsár. Tónlistarfélagið skilar greinargerð og fjárhagsuppgjöri ár hvert og áætlun um rekstur og starfsemi næsta árs.

5. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Tónlistarfélagið hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur skal ÍTR tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Tónlistarfélagið hefur sýnt fram á að félagið muni standa við samningsbundnar skyldur samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti hefur ÍTR heimild til riftunar á samningnum.

6. gr. Gildistími

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2022 með fyrirvara um heimildir í fjárhagsáætlun 2022, 2023 og 2024. Samningurinn gildir til 31. desember 2024. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

7. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, . nóvember 2021

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Tónlistarfélags Árbæjar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift: